

Mánudaginn 17. janúar 1938.

Nr. 76/1937. **Martin Christian Frederiksen**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Margréti Ingibjörgu Halldórsdóttur

(Garðar Þorsteinsson).

Barnsfaðernismál.

Varadómari prófessor **Bjarni Benediktsson**
í forföllum hrd. **Gizurar Bergsteinssonar.**

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að honum verði heimilað að synja með eiði sínum fyrir faðerni barns þess, er stefnda ól þann 30. marz 1937, og að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda hefur hinsvegar krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en gjafvörn hefir hún fengið með bréfi dómsmálaráðuneytisins 8. sept. f. á. og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti.

Í upphafi rannsóknar máls þessa, þann 30. apríl 1937, kvaðst stefnda fyrst hafa kynnt áfrýjanda hér í bænum „síðast í júlímánuði“ 1936 og þá hafa haft samfarir við hann, og þá kvað hún barnið vera getið. Þá kvaðst hún og „nokkru síðar í sama mánuði og 3—4 sinnum í ágústmánuði s. á.“ hafa „komið heim til“ áfrýjanda. Í þessu þinghaldi færði áfrýjandi fullar sönnur að því, að hann hefði alls ekki verið í Reykjavík þetta sumar frá 8. júní til 4. september, nema dagana 2.—9. júlí, og að hann gæti því ekki hafa haft mök við stefndu á þeim stað og tíma, sem hún hafði staðhæft. Þar á móti kvaðst áfrýjandi hafa hitt stefndu á Nýlendugötu hér í bæ í október

1936. Hafi hún þá farið heim með honum á Ránargötu 8 A, þar sem hann bjó, og hafi þau þá haft holdlegar samfarir saman. Annars kveður hann þau ekki, hvorki fyrr né síðar, hafa komizt í þær vændir hvort við annað, að barnsgetnaður mætti af verða. Þrátt fyrir þessa skýrslu áfrýjanda og gögn þau, er fram komu um fjarvist hans héðan úr bæ á þeim tíma, er stefnda kvað þau hafa komið saman að líkamslostu, vék stefnda í þessu þinghaldi hvergi frá skýrslu þeirri, er hún hafði þá áður gefið. Eigi kannaðist hún heldur við það, að þau hefðu átt holdleg mök saman í október 1936, en þó hefðu þau þá hitzt.

Í þinghaldi 5. maí 1937 breytti stefnda framangreindri skýrslu sinni þannig, að hún hafi haft samfarir við áfrýjanda í júlímánuði 1936 „kvöldið áður en hún hafi farið héðan úr bænum til Vestmannaeyja“, og sé barnið þá getið, en ekki mundi hún þó, hvaða dag það var. Þó bindur hún það nánar með því, að hún „muni“ hafa verið „samferða sænska stúdentakórnum“, og er það upplýst, að söngflokkur þessi hafi farið frá Reykjavík þann 7. júlí 1936 á skipi, sem kom við í Vestmannaeyjum. „Það kvöld“ kveðst hún nú hafa haft samfarir við áfrýjanda. Ennfremur bætir stefnda því nú við, að áður en þetta gerðist, hafi þau haft samfarir hvort við annað, án þess að barnsgetnaður yrði af, en ekki kvaðst hún muna, hve nær eða hversu oft það hafi verið, enda hefir engin nánari grein fengizt þar á.

Áfrýjandi hefir í engu breytt skýrslu þeirri, er hann gaf í þinghaldinu 30. apríl 1937, og stefnda hefir haldið sér við skýrslu þá, er hún gaf í þinghaldinu 5. maí s. á.

Rannsókn á blóði aðilja og barnsins var gerð eftir kröfu áfrýjanda, enda bauðst hann til að kosta hana.

Samkvæmt vottorði rannsóknarsofu háskólans 15. maí 1937 var niðurstaða rannsóknarinnar þessi:

Áfrýjandi aðalblóðflokkur B,	undirflokkur N
Stefnda	— A, — M
Barnið	— O, — MN.

Samkvæmt þessu getur áfrýjandi verið faðir barnsins, en alls óvist, að hann sé það.

Svo sem sjá má, hefir gætt mikillar ósamkvæmni og ónákvæmni í skýrslum stefndu í þinghöldunum 30. apríl og 5. maí 1937 um verulegustu atriði málsins. Þrátt fyrir þau kynni, sem aðiljar kunna að hafa haft hvort af öðru í október 1936, verður ekki talið, eftir því sem fram er komið í málinu, að stefnda hafi leitt þær líkur til styrktar máli sínu, að málalok verði látin velta á eiði hennar. Verður því að láta úrslit málsins velta á eiði áfrýjanda samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936. Skal hann því vera sýkn af kröfum stefndu, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu frá 2.—7. júlí 1936, að báðum dögum meðtöldum. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal hann talinn faðir barns þess, er stefnda ól þann 30. marz 1937, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá skal stefnda greiða honum samtals kr. 200.00 í málkostnað í héraði og fyrir hæstarétti, en málflutningskaup talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, 100 krónur, greiðist þá úr ríkissjóði. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal hann greiða stefndu og talsmanni hennar fyrir hæsta-

rétti í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals 200 krónur, 100 krónur til hvors þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Martin Christian Frederiksen, synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 innan 2 vikna eftir birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu, Margréti Ingibjörgu Halldórsdóttur, á tímabilinu 2.—7. júlí 1936, að báðum dögum meðtöldum, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann talinn faðir að barni því, er stefnda ól þann 30. marz 1937, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefnda honum samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá greiði hann stefndu og áðurnefndum talsmanni hennar samtals 200 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1937.

Hinn 30. marz þ. á. ól ógift stúlka, að nafni Margrét Ingibjörg Halldórsdóttir, til heimilis á Eiríksgötu 37 hér í bæ, fullburða meybarn. Föður að þessu barni sinu hefir barnsmóðirin tilnefnt Martin Christian Frederiksen, Ránargötu 8 A hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta eftir kröfu barnsmóður höfðað gegn honum, og hefir hún gert þær kröfur hér fyrir réttinum, að kærður verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sín, svo og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað að skaðlausu.

Kærandi hefir upphaflega haldið því fram, að hún hafi fyrst kynnt kærðum síðast í júlímánuði fyrra ár og hafi hún þá haft holdlegar samfarir við hann á heimili hans Ránargötu 8 A, og sé barn þetta ávöxtur þeirra samfara. Í síðara réttarhaldi breytir hún þessum framburði sínum á þá leið, að þetta hafi skeð kvöldið áður en hún hafi farið héðan úr bænum til Vestmannaeyja, en með því skipi hafi einnig farið sænski stúdentakórinn, en samkvæmt tilkynningu í framlögðu dagblaðinu „Visir“ fór kórinn héðan með e/s Brúarfoss þann 7. júlí f. á.

Kærður hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi fyrst kynnt kæranda í októbermánuði fyrra ár og haft þá holdlegar samfarir við hana aðeins í eitt skipti, en hvorki fyrr né síðar, og neitar hann því með öllu, að hann geti verið faðir að barni kæranda.

Með því að aðiljum kemur ekki saman um málavöxtu, og blóðrannsókn sú, sem fram hefir farið, sker ekki úr um faðernið, verða úrslit máls þessa að vera komin undir eiði annarshvors aðilja. Með tilliti til þess, að telja verður, að kærandi hafa frekar líkurnar með sér, eftir því sem fram er komið í málinu, þar sem kærður viðurkennir holdlegar samfarir við hana, þykir verða að láta úrslit málsins vera komin undir eiði hennar, þannig að vinni hún eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu frá 10. maí til 30. júlí 1936, þá skal hann teljast faðir að barni því, er hún ól þann 30. marz 1937, greiða meðlag með barninu og barnsfarar-

kostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falli niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Margrét Ingibjörg Halldórsdóttir, eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan, Martin Christian Fredriksen, á tímabilinu frá 10. maí til 30. júlí 1936, þá skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 30. marz 1937. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks 20 krónur í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og málskostnaður falli niður.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1938.

Nr. 115/1937. **Valdstjórnin** (Theodór B. Líndal)

gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

(Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson
í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig.